

**Nd.**

**567. Frumvarp til laga**

**[63. mál]**

um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

**1. gr.**

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Súðbyrt skip er eigi skylt að váttryggja gegn bráðafúa.

Eigi er skylt að váttryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærissskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir, að gert verði við skipið, eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

**2. gr.**

Aftan við 2. gr. laganna bætist: samþykktum af sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

**3. gr.**

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1966.